



Ágúst Ólafsson stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og síðan við Síbelíusar-akademíuna í Helsinki. Þá sótti hann meistaranámskeið hjá Elísabetu Schwarzkopf og um tíma reglulega einkatíma hjá henni. Ágúst hefur sungið á ljóðasöngstónleikum hér á landi og erlendis og sungið margoft í óperuuppfærslum Íslensku óperunnar. Hann hlaut Grímuna árið 2010 fyrir hlutverk sitt í Ástar-drykknum í Íslensku óperunni haustið 2009 og Íslensku tónlistar-

verðlaunin sem flytjandi ársins ásamt Gerrit Schuil fyrir flutning sinn á ljóðaflokkum Schuberts á Listahátíð í Reykjavík 2010.